

Greinargerð vegna útgáfu á breyttu rekstrarleyfi ÍS 47 ehf. Önundarfirði

1. Almennt

ÍS 47 ehf. (kt. 650603-3030), Hafnarbakka 6, 425 Flateyri hefur rekstrarleyfi (FE-1109) vegna sjókvíaeldis á 1.000 tonna hámarkslífmassa af regnbogasilungi og þorski í Önundarfirði. Fyrirtækið sótti um breytingu á rekstrarleyfi, FE-1109, þann 10. febrúar 2022 en breytingin felur í sér að eldi á regnbogasilungi og frjóum laxi kemur í staðin fyrir eldi regnbogasilungi og þorski einnig felur hún í sér færslu á eldissvæði.

Sjókvíaeldissvæði ÍS 47 ehf. í Önundarfirði eru tvö; Sjókvíaeldissvæði A inniheldur eldissvæðið Valþjófsdalur. Sjókvíaeldissvæði B inniheldur eldissvæðið Ingjaldssandur. Breytingin felur í sér færslu eldissvæðis sem verið hefur á Ingjaldssandi yfir á Hundsá, áfram verða því einungis tvö eldissvæði í rekstrarleyfinu.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir samkvæmt lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvörðun Skipulagsstofnunar, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun auglýsti tillögu að breytingu á rekstrarleyfi á tímabilinu 15. desember 2023 til 12. janúar 2024 skv. 10 gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og barst ein athugasemd vegna tillögunnar á þeim tíma, tillagan var auglýst aftur á tímabilinu 20.12.2024 til og með 27.01.2025 þar sem áhættumat siglingaöryggis lá ekki fyrir á fyrra tímabili auglýsinga.

2. Afstaða Matvælastofnunar til ákvörðunar um matsskyldu

Framkvæmd ÍS 47 ehf. í Önundarfirði var tilkynnt til Skipulagsstofnunar þann 21. október 2022. Matvælastofnun skilaði umsögn vegna mögulegrar matsskyldu til Skipulagsstofnunar þann 29. nóvember 2022. Í umsögninni kemur fram að stofnunin telji ekki tilefni til að umrædd framkvæmd fari í gegnum mat á umhverfisáhrifum þar sem hún er ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, þ.e. að hafa verulega óafturkræf umhverfisáhrif eða valda verulegum spjöllum á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum. Varðandi afstöðu Matvælastofnunar vegna umhverfisáhrifa horfir stofnunin sérstaklega til þátta er snúa að sjúkdómum, stroki og laxalús. Breyting á rekstrarleyfi byggir á tilkynningu ÍS 47 ehf. frá 21. október 2022 um tegundabreytingu og færslu svæðis ásamt ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 7. febrúar 2023 um matsskyldu. Með tilkomu heimildar til eldis á frjóum laxi breytast ákvæði í leyfi til samræmis m.a. er snúa að laxalús.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna rekstrarleyfis ÍS 47 ehf. kemur að fyrirhuguð breyting hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Matvælastofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar verði afturkræf verði starfseminni hætt. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér tilkynnta framkvæmd fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matskyldu og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd rekstraraðila sé í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

3. Strandsvæðisskipulag Vestfjarða og áhættumat siglingaöryggis

3.1 Strandsvæðisskipulag Vestfjarða

ÍS 47 ehf. mun stunda sjókvíaeldi á tveimur eldissvæðum í Önundarfirði sem eru í strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Eldissvæðin eru Valþjófsdalur á reit SN21 og Hundsá á reit SN22. Almenn ákvæði eiga við um alla reitina í

Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða en þar kemur meðal annars fram að við ákvörðun um staðsetningu á búnaði eða starfsemi innan reita þarf að liggja til grundvallar áhættumat um siglingaöryggi í samráði við Vegagerð, Samgöngustofu, Landhelgisgæslu og viðkomandi hafnaryfirvöld. Ótengdir aðilar skulu hafa samráð vegna útfærslu nýtingar og staðsetningar á búnaði eða starfsemi innan sama reits. Fyrir þessa þrjá reiti sem fyrirtækið hyggst stunda kynslóðaskipt sjókvíaelði er engin önnur starfsemi fyrir á sama reit.

Matvælastofnun bendir á að komi til þess að önnur eldisfyrirtæki sækji um að hefja starfsemi innan þessara reita þá skal Matvælastofnun tryggja að minnsta fjarlægð á milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila í sjókvíaelði verði eigi styttri en 5 km miðað við útmörk hverrar fiskeldisstöðvar.

3.2 Áhættumat siglingaöryggis

Matvælastofnun barst áhættumat um siglingaöryggi vegna eldissvæða SN21 og SN22 þar sem eldissvæði rekstraraðila voru metin m.t.t. siglingaöryggis. Niðurstöður áhættumats siglingaöryggis eru eftirfarandi:

Á reit SN21 – Valþjófsdalur er innarlega í Öfundarfirði og enginn vitageiri nær inn í fjörðinn og er svæðið því ekki innan hvíts ljósgeira. Í áhættumati siglingaöryggis kemur fram að mjög takmörkuð umferð fiskiskipa er um svæðið og að eldissvæðið þrengi ekki að siglingaleið og varúðarsvæði. Í ljósi þess er hæfilegt varúðarsvæði metið 50 metrar líkt og reglugerð um fiskeldi kveður á um.

Á reit SN22 – Hundsá er staðsett utarlega í Öfundarfirði en engin vitageiri nær inn fjörðinn og er svæðið því ekki innan hvíts ljósgeira. Í áhættumati siglingaöryggis kemur fram að mjög takmörkuð umferð fiskiskipa er um svæðið og að eldissvæðið þrengi ekki að siglingaleið og varúðarsvæði. Í ljósi þess er hæfilegt varúðarsvæði metið 50 metrar líkt og reglugerð um fiskeldi kveður á um.

4. Sjúkdómstengdir þættir sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðva

Með reglugerð nr. 462/2021 var innleidd með tilvísunaraðferð reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 frá 30. janúar 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um lagareldisstöðvar og flutningsaðila fyrir lagardýr. Í 5. gr. reglugerðarinnar, sbr. b. liður 7. gr., kemur m.a. fram að lögbært yfirvald skuli einungis samþykka lagareldisstöðvar hafi rekstraraðilar þeirra þróað og skjalfest áætlun um smitvarnir (d. biosikringsplan) sem uppfylli tilteknar kröfur, m.a. um að tilgreindar séu þær leiðir sem sjúkdómsvaldur geti komist eftir inn í lagareldisstöðina eða hóp lagareldisstöðva, dreifst innan hennar og borist frá henni út í umhverfið eða til annarra lagareldisstöðva, sbr. a. lið. Jafnframt að tekið sé tillit til sérkenna einstakra lagareldisstöðva eða hóps lagareldisstöðva og tilgreindar mildandi ráðstafanir fyrir hverja áhættu varðandi smitvarnir sem hefur greinst, sbr. b. lið. Að auki er vísað til þátta sem nánar koma fram í viðauka við reglugerðina.

Matvælastofnun kallaði eftir smitvarnaráætlun frá rekstraraðila og bárust drög að henni í tölvupósti þann 17. febrúar 2025 og uppfærð smitvarnaráætlun þann 27. febrúar 2025. Matvælastofnun óskaði eftir því að sérgreinadýralækni fisksjúkdóma færi yfir smitvarnaráætlunina og gæfi álit sitt á því hvort hún uppfyllti skilyrði framangreindra laga og reglugerða.

Álit sérgreinadýralæknis fisksjúkdóma barst þann 28. febrúar 2025 og mat hann smitvarnaráætlun rekstrarleyfishafa fyrir framkvæmdina fullnægjandi. Í ljósi þessa telur Matvælastofnun að smitvarnaráætlun rekstrarleyfishafa sé fullnægjandi grundvöllur fyrir rekstri stöðvarinnar með tilliti til smitvarna.

5. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma vegna rekstrarleyfistillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Tillaga að breytingu á rekstrarleyfi ÍS 47 ehf. var auglýst frá 20. desember 2024 til og með 27. janúar 2025. Áður hafði tillaga fyrir sama rekstraraðila verið auglýst á tímabilinu 15. desember 2023 til og með 12. janúar 2024. Ástæða þess að tillagan var auglýst aftur var að ekki lá fyrir áhættumat siglingaöryggis fyrir eldissvæðin á þeim tíma og því auglýst

eftur þegar þau gögn lágu fyrir. Matvælastofnun barst ein athugasemd og kom hún frá Arctic Sea Fram ehf. á tímabili fyrri auglýsingar og gerð er grein fyrir henni hér að neðan. Athugasemdir bárust frá þremur aðilum vegna tillögunnar á seinni auglýsingatíma, frá Skipulagsstofnun, Landhelgisgæslu Íslands og Landslögum fyrir hönd Arctic Sea Farm hf.

Hér á eftir fylgir úrdráttur úr erindi ofangreindra aðila og viðbrögð Matvælastofnunar við þeim athugasemdum sem þar koma fram.

Grímur Sigurðsson lögmaður Landslögum, fyrir hönd Arctic Sea Farm hf. sendi inn athugasemd þann 27. janúar 2025

- Gerð er athugasemd að fyrirhuguð breyting sé ekki í samræmi við lög nr. 59/2021. Fyrirhuguð breyting á rekstrarleyfi ÍS 47 ehf. er ekki í samræmi við vilja löggjafans að ekki kæmi til frekari úthlutunar á frjóum laxi nema að undangengnu útboði. Í samræmi við lög nr. 59/2021 til breytinga á lögum nr. 71/2021, sbr. bráðabirgðaaðkvæði nr. IX. Fyrirhuguð tegundabreyting samræmist tæpast markmiðum þeirra laga sem fyrr greinir. Slíkt getur skapað fordæmisgildi fyrir aðra rekstrarleyfishafa í öðrum tegundum en í laxi til að breyta um tegund yfir í lax og komast þannig hjá fyrirhuguðu útboði samkvæmt lögum nr. 59/2021. ASF telur að fyrirhuguð breyting sá ólögmæt og henni beri að hafna.
- Gerð er athugasemd við að tillagan sé í ósamræmi við rekstrarleyfi ASF í Öndarfirði. ASF telur að Matvælastofnun þurfi að taka afstöðu til rekstrarleyfis ASF í Öndarfirði. Þrátt fyrir að stofnunin hafi hafnað endurnýjun á því leyfi hafi sú ákvörðun verið kærð og bíði niðurstöðu. ASF telur að ekki verði hægt að taka ákvörðun um útgáfu á þessu leyfi þar sem niðurstaða í kærumáli liggur ekki fyrir. Þá þurfi einnig að taka afstöðu til fjarlægðamarka vegna nálægðar við svæði ASF.
- Gerð er athugasemd er varðar staðsetningar eldissvæða og hnit. Athugasemdin snýr að eldissvæði við Valþjófsdal, það sé breytt miðað við það sem kom fram í umfjöllun Skipulagsstofnunar. Einnig er gerð athugasemd við að eldissvæðið að Hundsá, það sé að einhverju leyti utan reits SN22 í strandsvæðisskipulagi.
- Gerð er athugasemd við að skilyrðum Skipulagsstofnunar hafi ekki verið fullnægt er varðar menningarminjar þ.e. neðansjávar minjar.
- Gerð er athugasemd við að skilyrði um samstarf verði gert afdráttarlausara og samningur verði að liggja til grundvallar milli aðila komi til þess.

Matvælastofnun bendir á með lögum 59/2021 er vísað til lífmassa en ekki tegunda. Með breytingu á leyfi ÍS 47 ehf. felst ekki aukning á lífmassa heldur eingöngu tegundabreyting. Einnig er um að ræða tilfærslu svæðis en ekki fjölgun svæða.

Matvælastofnun bendir á að svæði sem rekstrarleyfi ASF náði til er ekki skilgreint í strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Stofnuninni ber að fara eftir gildandi strandsvæðisskipulagi við útgáfu rekstrarleyfa og því ekki hægt að horfa til athugasemda ASF þar sem ekki liggur fyrir hvort strandsvæðaskipulagi breytist og hvenær það yrði komi til þess. Jafnframt bendir Matvælastofnun á að umrætt svæði er ekki inn á strandsvæðisskipulagi Vestfjarða en staðsetning þess er líklega inn á reit LV10 þar sem fjarskiptastrengur liggur. Matvælastofnun bendir á að stofnuninni ber að fara eftir málshraðareglu stjórnslulaga og því er stofnunni ekki stætt á að bíða með leyfisveitingu þar til kærufrestir og niðurstöður í máli ASF liggur fyrir.

Matvælastofnun hefur í samráði við rekstraraðila breytt umræddum hnítum þannig að þau falli innan strandsvæðisskipulags fyrir reitinn SN22 fyrir svæðið að Hundsá. Hvað varðar hnit svæðisins að Valþjófsdal þá var einungis um smá hníkun á einum punkt frá eldra leyfi. Hnit úr eldra leyfi fyrir eldissvæðið Valþjófsdal eru látinn gilda

þar fyrir reitinn SN21. Eitt hnit á því eldissvæði hafði breyst frá eldra leyfi og fór þannig í auglýsingu tillögu, en hefur nú verið lagfært til samræmis við eldra leyfi.

Matvælastofnun bendir á að í tillögu að rekstrarleyfi er gerð krafa um að framkvæmdaraðili leyti til Minjastofnunar áður en búnaður er settur út.

Matvælastofnun bendir á að í rekstrarleyfi er ákvæði sem vísar til að rekstraraðili skuli vinna með öðrum aðilum m.a. vegna útsetningar seiða, hvíldar, smitvarna og sjúkdóma.

Ester Anna Ármannsdóttir, fyrir hönd Skipulagsstofnunar, sendi inn athugasemd þann 24.janúar

- Gerð er athugasemd við að tilkynnt svæði að Hundsá falli að hluta utan nýtingareits SN22 sem skilgreindur er í strandsvæðisskipulagi. Setja þurfi skilyrði um að aðgengi verði ekki skert á þeim hluta sem fer út fyrir reit SN22

Matvælastofnun hefur í samráði við rekstraraðila breytt umræddum hnitum þannig að þau falli innan strandsvæðisskipulags fyrir reitinn SN22.

Sigríður Skaftadóttir lögfræðingur, fyrir hönd Landhelgisgæslu Íslands sendi inn athugasemd þann 27.janúar 2025.

- Landhelgisgæsla Íslands bendir á tilkynningaskildu vegna búnaðar og réttan rithátt í staðsetningu baughnita.

Matvælastofnun vísar til þess að rekstraraðila ber að tilkynna og merkja sjókvíaeldisstöðvar í samræmi við 35. gr. reglugerðar nr. 540/2020.

6. Forsendur útgáfu

Að mati Matvælastofnunar eru skilyrði til útgáfu á breyttu rekstrarleyfi til handa ÍS 47 ehf.

7. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um breytingu á rekstrarleyfum (FE-1109) ÍS 47 ehf. í Önundarfirði. Rekstrarleyfið heimilar 1.000 tonna hámarkslífmassa af regnborgasilungi og laxi í Önundarfirði. Rekstrarleyfið nær til sjókvíeldis í Önundarfirði á tveimur staðsetningum. Sjókvíaeldisvæði A inniheldur eldissvæðið Valþjófsdal. Sjókvíaeldisvæði B inniheldur eldissvæðið Hundsá. Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga nr. 71/2008 og reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020. Samhliða útgáfu og gildistöku á breyttu rekstrarleyfi FE-1109 er svæðið Ingjaldssandur felld úr gildi ásamt heimild til að ala þorsk. Þar sem um breytingu á rekstrarleyfi er að ræða þá helst gildistími leyfisins óbreyttur í samræmi við 24. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi.

Breyting á rekstrarleyfi tekur þegar gildi, en gildistími leyfisins helst óbreyttur gildir til 8. janúar 2037.

Akureyri, 13.03.2025